

| | | | |
|-----------------------|------------|--|----------|
| | I | EES-STOFNANIR | |
| | 1. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| | II | EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| | 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| | III | EB-STOFNANIR | |
| | 1. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2012/EES/20/01 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6501 – Scholz Austria/Asamer Familienholding/RPE Recyclingpark Eisenerz) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 1 |
| 2012/EES/20/02 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6512 – DS Smith/SCA Packaging) | 2 |
| 2012/EES/20/03 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6536 – CVC/Ahlsell) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 3 |
| 2012/EES/20/04 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6543 – Ahold/Flevo) | 4 |
| 2012/EES/20/05 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6550 – TowerBrook/York/Apollo/Monier) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 5 |
| 2012/EES/20/06 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6553 – Reitan Servicehandel/R-kioski/UAB Impress Teva/OÚ Lehepunkt) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 6 |
| 2012/EES/20/07 | | Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6410 – UTC/Goodrich) | 7 |
| 2012/EES/20/08 | | Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6458 – Universal Music Group/EMI Music) . . . | 7 |
| 2012/EES/20/09 | | Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni („Herbsheim-leyfið“) | 8 |

| | | |
|-----------------------|--|----|
| 2012/EES/20/10 | MEDIA 2007 – Auglýst eftir tillögum – EACEA/09/12 – Stuðningur við starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis | 9 |
| 2012/EES/20/11 | Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. febrúar 2012 til 29. febrúar 2012 | 10 |

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/20/01

(mál COMP/M.6501 – Scholz Austria/Asamer Familienholding/RPE Recyclingpark Eisenerz)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Scholz Austria GmbH („Scholz Austria“), sem lýtur endanlegum yfíráðum Scholz AG og Voestalpine AG, og hið austurríska Asamer Familienholding GmbH („Asamer“) öðlast óbeint með hlutafjárkaupum í sameiningu yfíráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í austurríska fyrirtækinu RPE Recyclingpark Eisenerz („RPE“). RPE lýtur nú að fullu yfíráðum Asamer.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Scholz Austria: endurvinnsla og viðskipti með endurnýtanlegar vörur eins og stál, brotamálm, iðnaðarúrgang og annað efni
 - Asamer: starfsemi í tengslum við mól, grjót, steypu, sement, endurvinnslu, nýsköpun og ferðaþjónustu
 - RPE: rekstur sorpvinnslustöðvar fyrir ýmiss konar úrgang
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 3. apríl 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6501 – Scholz Austria/Asamer Familienholding/RPE Recyclingpark Eisenerz, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6512 – DS Smith/SCA Packaging)**

2012/EES/20/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið DS Smith Plc („DS Smith“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu SCA Packaging Holding B.V. („SCA Packaging“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DS Smith: framleiðsla á umbúðum úr plasti og bylgjupappa
 - SCA Packaging: framleiðsla á umbúðum úr bylgjupappa
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 3. apríl 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6512 – DS Smith/SCA Packaging, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6536 – CVC/Ahlsell)

2012/EES/20/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Norrmalm 3 AB, sem lýtur yfirláðum lúxemborgska fyrirtækisins CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Nybrojarl New 1 AB, eignarhaldsfélagi fyrir hið sænska Ahlsell AB (publ) („Ahlsell“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CVC: fjárfestingaráðgjöf og stjórnun fjárfestingarsjóða
 - Ahlsell: heilidsölu- og smásöludreifing á byggingarvörum, m.a. kyndi- og pípulagningavörum, rafmagnsvörum, verkfærum og vélbúnaði og kælitækjum, svo og heildsala á tómsundavörum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 96, 31. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6536 – CVC/Ahlsell, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6543 – Ahold/Flevo)

2012/EES/20/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Koninklijke Ahold N.V., móðurfélag Ahold-samsteypunnar („Ahold“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu Flevo Deelnemingen III B.V. („Flevo“), eignarhaldsfélagi hins hollenska bol.com N.V. („bol.com“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ahold: hefðbundin sala og netsala á matvælum, dagvöru, heilsu- og snyrtivörum, víni og brenndum drykkjum
 - Flevo (bol.com): netsala á bókum, rafbókum, DVD-diskum, tónlist, tölvuleikjum, leikföngum, rafeindatækjum, tölvum og neytendahugbúnaði í Hollandi og Belgíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 3. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6543 – Ahold/Flevo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6550 – TowerBrook/York/Apollo/Monier)

2012/EES/20/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið TowerBrook Capital Partners (U.K.) LLP („TowerBrook“), hið bandaríska York Capital Global Management Advisors, LLC („York“) og fyrirtækið AIF VII Euro Holdings, L.P., LLC, fjárfestingarsjóður undir stjórn dótturfélags bandaríska fyrirtækisins Apollo Management L.P. („Apollo“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í lúxemborgsku fyrirtækjunum Monier Holdings S.C.A. og Monier Holdings GP S.A. („Monier“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TowerBrook: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - York: umsýsla með fjárfestingarsjóðum
 - Apollo: fjárfestingar í eignasöfnum
 - Monier: framleiðir og selur þakskífur, íhluti í þök, skorsteina og loftræstikerfi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 3. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6550 – TowerBrook/York/Apollo/Monier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/20/06****(mál COMP/M.6553 – Reitan Servicehandel/R-kioski/UAB Impress Teva/OÜ Lehepunkt)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið Reitan Servicehandel AS („Reitan Servicehandel“), sem tilheyrir norsku samsteypunni Reitangruppen AS, öðlast með hluta-fjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í finnska fyrirtækinu R-kioski Ltd. („R-kioski“), hinu litháíska UAB Impress Teva og hinu eistneska OÜ Lehepunkt.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Reitan Servicehandel: smásala í litlum verslunum og söluturnum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Lettlandi, og blaðadreifing í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Lettlandi
 - R-kioski: söluturnar í Finnlandi sem eru reknir samkvæmt sérleyfi eða af eigendum
 - UAB Impress Teva: blaðadreifing í Litháen
 - OÜ Lehepunkt: blaðadreifing í Eistlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna sam-fylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birt-ist í Stjtið. ESB (C 96, 31. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6553 – Reitan Servicehandel/R-kioski/UAB Impress Teva/OÜ Lehepunkt, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Upphaf málsmeðferðar
(Mál COMP/M.6410 – UTC/Goodrich)

2012/EES/20/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. mars 2012 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 96, 31.3.2012. Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.6410 – UTC/Goodrich, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

Upphaf málsmeðferðar
(Mál COMP/M.6458 – Universal Music Group/EMI Music)

2012/EES/20/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. mars 2012 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 93, 20.3.2012. Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.6458 – Universal Music Group/EMI Music, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ **2012/EES/20/09**

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni, sem kennt er við „Herbsheim“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 19. október 2011, hefur fyrirtækið Bluebach Ressources Sarl, sem er skráð að 178, boulevard Haussmann, 75008 Paris, France, farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Herbsheim“ til olíu- og gasleitar í sýslunni Bas-Rhin.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mættast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum Paris.

| Hornpunktur | Lengd | Breidd |
|-------------|--|--------|
| A | 5,90 | 53,90 |
| B | 6,00 | 53,90 |
| C | Skurðpunktur lengdarbaugsins 6,00 gr A og landamæra Frakklands og Þýskalands | |
| D | Skurðpunktur breiddarbaugsins 53,60 gr N og landamæra Frakklands og Þýskalands | |
| E | 5,60 | 53,60 |
| F | 5,60 | 53,70 |
| G | 5,70 | 53,70 |
| H | 5,70 | 53,80 |
| I | 5,90 | 53,80 |

Hornpunktur A til B: landamæri Frakklands og Þýskalands.

Svæðið sem skilgreint er hér að framan er um 506 km².

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (birtingardagur 29.3.2012), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 21. október 2013.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í frönskum námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðuneyti umhverfismála, sjálfbærrar þróunar, húsnæðismála og samgangna: Ministère de l'écologie, du développement durable, du logement et des transports, á eftirfarandi pósthfangi:

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et nouveaux produits énergétiques Grande Arche de la Défense – Paroi Nord, 92055 La Défense cedex, France (sími: +33 140819529).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr/>

MEDIA 2007

2012/EES/20/10

Auglýst eftir tillögum – EACEA/09/12

Stuðningur við starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007).

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að styðja starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis.

Styrkir til starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis er ein þeirra leiða sem farin er samkvæmt áætluninni MEDIA 2007 til þess að tryggja að styrkþegar áætlunarinnar taki mið af nýrri tækni og vinnuaðferðum í starfsemi sinni.

Meginmarkmið styrkjanna er að ýta undir gerð og hagnýtingu skráa um evrópsk verk sem setja á í stafræna dreifingu milli landa til stærra áhorfendahóps og/eða rekenda kvikmyndahúsa gegnum þróuð dreifingarkerfi, og þannig að stafræn afritunarvörn sé notuð þar sem það er nauðsynlegt.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins.
- Einu EES-ríkjanna.
- Sviss.
- Króatíu.
- Bosníu og Hersegóvínu (háð því að samningaferlinu ljúki og að formlega verði gengið frá aðild landsins að MEDIA-áætluninni).

3. Styrkhæf starfsemi

Eftirtaldir aðgerðir geta hlotið styrki samkvæmt þessari auglýsingu:

1. Pöntunarsjónvarp (VoD): Þjónusta sem gerir einstaklingum kleift að velja hljóð- og myndefni af miðlægum þjóni og skoða það á fjarlægum skjá með streyminu og/eða niðurhali.
2. Dreifing stafræns kvikmyndaefnis: Dreifing „kjarnaefnis“, þ.e. kvikmynda í fullri lengd, sjónvarpsmynda eða sjónvarpsþáttaraða og stuttmynda (leikinna mynda, hreyfimynda og skapandi heimildamynda), á stafrænu formi (í samræmi við fullnægjandi staðla samkvæmt því sem tíðkast í greininni) til almennra sýninga í kvikmyndahúsum (á harðdiskum, um gervitungl, um net o.s.frv.)

Framkvæmdatími aðgerðarinnar skal vera að minnsta kosti þrjú ár.

Nýjar aðgerðir verða að hefjast á tímabilinu 1. júlí 2012 til 1. mars 2013.

4. Viðmið við úthlutun

Umsóknir um aðgerðir, sem teljast styrkhæfar, verða metnar samkvæmt eftirtöldum úthlutunarviðmiðum:

- Hvert efnisframboðið er og hvaða útgáfustefnu er fylgt (10 %).
- Hver Evrópuþáttur efnisframboðsins er (20 %).
- Hversu vönduð og hagkvæm starfsáætlun er lögð fram (20 %).
- Hvaða markaðsáætlun er fylgt (20 %).
- Hvaða nýskapandi þættir einkenna aðgerðina (10 %).
- Hver tengslin eru við samtök og net dreifenda (10 %).
- Markhópur áhorfenda og hugsanleg áhrif (10 %).

5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 6 725 000 evra.

Hámarksframlag til hvernar aðgerðar samkvæmt leiðbeiningum þessum nemur 1 000 000 evra.

Fjárframlög verða greidd sem styrkir. Fjárframlagið verður ekki hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 25. júní 2012.

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra. Umslög skulu merkt greinilega á þennan hátt:

MEDIA 2007 – Video on Demand and Digital Cinema Distribution – EACEA/09/12

Umsóknir verða að berast í ábyrgðarbréfi eða með boðsendingu (á kostnað umsækjanda) á eftirfarandi pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
MEDIA 2007 – Video on Demand and Digital Cinema Distribution – EACEA/09/12
Mr. Constantin DASKALAKIS
BOUR 03/30
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir, sem sendar eru með símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Ítarlegar umsóknarleiðbeiningar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/culture/media/programme/newtech/vod_dcc/index_en.htm

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem
teknar voru frá 1. febrúar 2012 til 29. febrúar 2012**

2011/EES/20/11

Birt hefur verið yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í febrúar 2012, sjá [Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 94, 30.3.2012](#).